


Árs- og lokaskýrsla 2024 Sterkar Strandir



EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Meginniðurstöður	5
Helstu niðurstöður:	7
Markmið og tilgangur Sterkra Stranda	8
Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn	10
Meginmarkmið og starfsmarkmið - stöðumat	11
Yfirlit yfir styrkt verkefni	15
2020	15
2021	16
2022	18
2023	20
2024	22
Staða styrktra verkefna við lok Sterkra Stranda	24
Fundir	25
Hugleiðingar verkefnisstjóra við lok verkefnisins	26
Lok verkefnisins	28

INNGANGUR


Verkefnið Sterkar Strandir var hluti af áætluninni Brothættar byggðir, sem er sértæk aðgerð Byggðastofnunar til að styðja við byggðarlög sem standa höllum fæti. Markmið Brothættra byggða er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og sveitum landsins, auk þess að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa.

Sterkar Strandir var unnið í nánú samstarfi við heimamenn, Strandabyggð, Byggðastofnun og Vestfjarðastofu. Verkefnið hófst árið 2020 og lauk formlega um áramótin 2024. Meginmarkmið þess voru að stöðva áframhaldandi fólksfækkun, styrkja innviði, efla atvinnulíf og byggja upp stolt og sjálfbært samfélag á Ströndum.

Í þessari lokaskýrslu er farið yfir helstu niðurstöður verkefnisins, áfanga þess, áskoranir og lærdóma, auk þess sem horft er til framtíðar með tilliti til næstu skrefa í byggðapróun á svæðinu.

Í júní 2020 var haldið íbúáþing þar sem íbúar voru kallaðir saman í tveggja daga vinnubúðir. Þinginu var stýrt af Sigurborgu Kr. Hannesdóttur hjá ráðgjafafyrirtækinu Ildi. Í framhaldinu vann verkefnisstjórn stöðugreiningu á svæðinu þar sem tekið var tillit til íbúapróunar, atvinnuþátta og -próunar, auk sérstöðu byggðalagsins. Niðurstöður íbúáþings, fyrrnefnd stöðugreining og aðrar skýrslur sem lágu fyrir um svæðið voru notaðar til að móta framtíðarsýn og markmið sem lögð voru fyrir íbúa til samþykktar á rafrænum íbúafundi þann 12. nóvember 2020.

Verkefninu fylgdi fjármagn sem m.a. ætlað er sem hvatning til athafna og ýmissa verkefna, hvort heldur sem þau tengjast atvinnuuppbyggingu eða annarskonar samfélagsverkefnum. Þessi hvatning er í formi styrkja og auglýst var eftir umsóknum um þessa styrki á hverju ári. Árið 2020 var óvanalegt ár til að hefja verkefni af þessu tagi, enda það ár og árið 2021 markað af áhrifum heimsfaraldurs og fór verkefnið ekki varhluta af áhrifum þessa fordæmalitla tímabils í Íslandssögunni. Það var loks árið 2022 sem sóttvarnaaðgerðum var aflétt og áhrif heimsfaraldurs á verkefnið fóru þverrandi.



Sterkar Strandir luku formlegri vegferð sinni í lok árs 2024.

MEGINNIÐURSTÖÐUR

Það eru rétt rúmlega fjögur og hálf ár síðan að verkefnisstjóri Sterkra Stranda hóf störf. Segja má að verkefnið hafi farið hægar af stað en ella, sökum áhrifa heimsfaraldurs, loks þegar færi gafst til að blása til sóknar og samvinnu, voru forsendur samvinnu í Strandabyggð á margan hátt áskorun.

Snemmsumars 2023 reið svo reiðarslag yfir samfélagið þegar tilkynnt var að Hólmadrangur hefði hætt rekstri. Verkefnisstjórn Sterkra Stranda ályktaði eftirfarandi á neyðarfundum þann 14. júní 2023:

„Verkefnisstjórn Sterkra Stranda harmar þá stöðu sem komin er upp vegna stöðvunar rekstrar Hólmadrangs og lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðunni. Rækjuvinnslan Hólmadrangur er lykilvinnustaður Hólmavíkur og Strandabyggðar allrar. Lokun vinnslunnar er reiðarslag fyrir samfélagið. Verkefnisstjórn kallar eftir sértækum, tafarlausum og afgerandi aðgerðum stjórnvalda til mótvægis við það áfall sem nú hefur dunið yfir atvinnu- og mannlíf á Ströndum.

Sterkar Strandir eru tilbúnar til að vinna að eflingu atvinnulífs og nýsköpunar á Ströndum, innan ramma verkefnisins, í samstarfi við alla áhugasama aðila.

Verkefnisstjórn samþykkir enn fremur að verkefnisstjóri bjóði sveitarstjórn fram aðstoð eftir því sem tæk eru á.

Mikið gleðiefni er hinsvegar að Sterkar Strandir lögðu sitt að mörkum til að tryggja sértækan byggðakvóta og þar með rekstrargrundvöll nýrrar fiskvinnslu – Vilja – sem heimamenn, með

útsjónarsemi og harðfylgi, hafa stofnað.

Þannig tókst ekki aðeins að endurheimta flest þau störf sem glötuðust við fall Hólmadrangs, heldur líka glæða annað húsnæði sem áður var í eigu Hólmadrangs nýju lífi.

Verkefnið Sterkar Strandir náði að skapa mikilvæga varnarsigra þrátt fyrir þær áskoranir sem verkefnið mætti. Þó að meginmarkmiðið, að sporna við fólksfækkun, hafi ekki náðst að fullu, þá tókst verkefninu að hægja á fækkuninni og byggja grunn fyrir sjálfbærni til framtíðar.



Helstu niðurstöður:

Íbúafjöldi: Íbúar Strandabyggðar voru 421 í lok árs 2024, samanborið við 436 í upphafi verkefnisins árið 2020. Þrátt fyrir fækkun sýna tölurnar ákveðinn stöðugleika miðað við þróun undanfarinna ára.

Virk þátttaka heimamanna: Samráð við íbúa gegndi lykilhlutverki í árangri verkefnisins. Fjöldi íbúafunda og styrktra verkefna staðfestir að áhugi íbúa hafi verið verulegur.

Atvinnulíf: Meðal jákvæðra áhrifa verkefnisins var stofnun nýrra fyrirtækja og nýsköpun í atvinnulífi. Sérstaklega má nefna sértækan byggðakvóta sem stuðlaði að stofnun Vilja, nýrrar fiskvinnslu. Auk þess má nefna Galdur brugghús og Norðurfjöru og fleiri meðal þeirra vænlegu sprota sem Sterkar Strandir styrktu og studdu.

Innviðir: Mikil vinna var lögð í að reyna styrkja innviði. Þó að ekki hafið náðst að ljúka sumum verkefnum hefur grunnur verið lagður að áframhaldandi þróun.

Félagsauður: Verkefnið stuðlaði að eflingu menningar- og samfélagsstarfs, meðal annars með styrkjum til verkefna á sviðum lista, íþróttar og fræða.

Þrátt fyrir árangurinn er ljóst að áframhaldandi vinna er nauðsynleg til að treysta þann grunn sem verkefnið lagði. Þeir varnarsigrar sem unnust undirstrika mikilvægi þess að halda áfram að fjárfesta í byggðapróun á Ströndum.

MARKMIÐ OG TILGANGUR STERKRA STRANDA

Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið er ætlað viðkomandi byggðarlögum til að nýta sóknarfæri, einkum þau sem byggja á sérstöðu þeirra. Sérstaða verkefnisins er m.a. fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættu byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða.

Verkefnið miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.

Undirmarkmið Brothættra byggða eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsörðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.

- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Í hverju byggðarlagi er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn skilgreini svohljóðandi loforð til íbúa: „Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu.“

Svo sem sjá má á undirmarkmiðunum er lykilatriði að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum

heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélög, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra hagaðila.



VERKEFNISSTJÓRI OG VERKEFNISSTJÓRN

Í verkefnisstjórn hvers verkefnis Brothættra byggða sitja fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka, atvinnuþróunarfélags, Byggðastofnunar og íbúa. Mismunandi er eftir verkefnum hvaða stofnun hýsir starf verkefnisstjóra og í verkefninu Sterkar Strandir er staðan vistuð hjá Vestfjarðastofu. Verkefnisstjóri var Sigurður Líndal Þórisson.

Í stjórn verkefnisins Sterkar Strandir sátu við lok verkefnisins:

- Aðalsteinn Óskarsson, Vestfjarðastofu
- Esther Ösp Valdimarsdóttir, fulltrúi íbúa
- Guðrún Ásla Atladóttir, fulltrúi íbúa
- Helga Harðardóttir, Byggðastofnun
- Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun (formaður)
- Magnea Garðarsdóttir, Vestfjarðastofu
- Þorgeir Pálsson, fulltrúi Strandabyggðar

Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri hafa átt gott samstarf og verkefnisstjórn hefur verið góður stuðningur fyrir verkefnisstjóra í hans störfum.

MEGINMARKMIÐ OG STARFSMARKMIÐ - STÖÐUMAT

Sterkir innviðir og öflug þjónusta						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Stofnuð verði vefverslun fyrir svæðið						Kvaka, vefverslun Strandamanna.
Tryggja skipulagða móttöku nýbúa						Óformlegar samræður hafnar, íbúahandbók móttökuáætlun
Verkefni sem búa í hagin fyrir ungt fólk kortlögð og stofnuð						Samvinna sveitarfélaga vegna ungmennastarfs
Allur Innstrandavegur fær bundið slitlag, einbreiðar brýr upprættar, vegrið bætt, Hrótafjörður þveraður.						Viðvarandi hagsmunagæsla
Háhraðanet/5G á Hólmavík						Í ferli
Raforkukostnaður jafnaður milli dreifbýlis og þéttbýlis						Viðvarandi hagsmunagæsla
Aukið framboð á fjölbreyttu húsnæði						Viðræður við HMS í gangi eftir nokkurt hlé. Aðalskipulagsgerð. Hótelframkvæmdir.
Kanna og kortleggja þarfir á menningar- og tómstundaframboði						Framboð aukið (bogfimi o.fl)
Kortleggja nýsköpunarmöguleika í menntun						
Koma á fót tveimur nýjum tómstundamöguleikum						Sjóíþróttafélagið Rán stofnað. Golfhermir kominn til golfklúbbsins.
Hefja hitaveituframkvæmdir fyrir Hólmavík						Jarðhitaleit á Gálmaströnd með fulltingi Sterkra Stranda enn árangurslítill.
Niðurgreiðsla rafmagns til húshitunar á köldum svæðum taki einnig til atvinnuhúsnæðis						Viðvarandi hagsmunagæsla

Stígandi í atvinnulífi						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Strandir verði miðstöð þjóðtrúar á Íslandi						Ötult starf Rannsóknaseturs HÍ skýrir góða stöðu.
Stofnun heilsutengds ferðapjónustufyrirtækis eða uppbyggingarseturs						Kyrrðarkraftur náði ekki flugi. Hótel í farvatninu.
Tryggja Strandabyggð auknar fiskveiðiheimildir						Sértækur byggðkvóti kominn.
Bæta afkomu ferðapjónustufyrirtækja og auka fjölbreytni þeirra						Áratak hefur hafið störf.
Hefja félags- og atvinnustarfsemi tengda sjósporti						Sjóíþróttafélagið Rán.
Gerðar verði tilraunir með veiðar á grjótkrabba og/eða öðrum vannýttum tegundum, svo sem flundru, til nytja						Hafgustur ehf stofnaður.
Gera fólki kleift að starfa og setjast að í Strandabyggð og sinna störfum án staðsetningar						Aukin markaðssetning á Þróunarsetrinu hófst.
Skipuleggja og framkvæma átak í aukinni fjölbreytni atvinnulífs						Hótel í farvatninu, ný störf í Vilja.
Komið verði á fót a.m.k. einni nýrri einingu/starfsemi í fullvinnslu og sölu afurða úr landbúnaði eða sjávarútvegi						Kjótvinnslan á Stóra-Fjarðarhorni. Vinnslan á Húsavík studd og Hafgustur fékk styrk úr Matvælasjóði til vörupróunar og vinnslu grjótkrabba. Auk nýsköpunarverkefna í landbúnaði.
Möguleikar til fiskeldis rannsakaðir og viðhorf íbúa könnuð						Vestfjarðastofa hefur lokið viðamikilli könnun og úttekt. Innviðagreining næstum klár. Regluverk helsti tálminn hér.
Stofnuð að lágmarki tvö verkefni sem stuðla að fjölgun skapandi starfa						Ýmis menningarverkefni styrkt öll árin.
Ráðning ferðamála fulltrúa, hugsanlega í samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög						Verkefni sem hefur verið rætt, en aldrei komist á mikið skrið. Líklega er sameining sveitarfélaga forsenda.

Stolt og sjálfbært samfélag						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Þrjú útivistarfélög séu virk og sjálfbær hið minnsta						Skíðafélagið, Sjóíþróttafélagið og Golfklúbburinn öll studd og virk.
Einn nýr ferðamannastaður / gönguleið gerð frá grunni hið minnsta						Gönguslóðaverkefni lokið.
Gönguleiðir í Strandabyggð kortlagðar, merktar og hannaðar						Gönguslóðaverkefni lokið.
Áhugaverðir staðir í Strandabyggð merktir						Skilti Viðeyjarhúss. Minningartorg.
Gerð og miðlun kynningarefnis um útivistarmöguleika í Strandabyggð						Gönguslóðaverkefni lokið.
Kortlagning möguleika á verkefnum tengdum svæðis- og þjóðgörðum í sátt við samfélag og náttúru						Skýrsla Vestfjarðastofu komin út.
Sýnileiki svæðisins aukinn og ímynd styrkt						Strandir.is
Átak í að fegra og hreinsa umhverfið						Bílhrae fjarlægð, vantar fjármagn.
Átak í nýtingu Umhverfissvottunar Vestfjarða						Umhverfissvottun aflögð.
Áhersla lögð á stuðning við rannsóknir, miðlun og hagnýtingu á menningararfi svæðisins þannig að þessum störfum fjölgi um fjórðung						Vinna í gangi en ekkert í hendi.
Stutt við að minnsta kosti tvö verkefni á ári sem stuðla að jákvæðri kynningu og aukinni fréttamiðlun						Strandir.is fékk góðan stuðning, fjöldi menningarverkefna studdur.
Malbikun gatna á Hólmavík						Hafnarsvæði malbikað
Gangstéttar á Hólmavík bættar						Fjármagn skortir.
Verndarsvæði í byggð á Hólmavík samþykkt af íbúum og ráðherra						Tillaga í vinnslu.
Stofnun héraðsskjalasafns fyrir Strandir						Verkefni óraunhæft. Málinu lokið.
Sérstök kortlagning á þörfum og möguleikum íbúa dreifbýlis Strandabyggðar						Leiðir til byggðafestu – skýrsla og átak
Kynna öflugt menntastarf í Strandabyggð						Menntastefna Vestfj. tók yfir



YFIRLIT YFIR STYRKT VERKEFNI

Til áréttingar skal taka fram að hvert einasta ár var vanhæfisreglna og vandaðra vinnubragða gætt í hvívetna í úthlutunarferlinu.

2020

Sterkar Strandir úthlutaði styrkjum til 11 verkefna sem koma til framkvæmdar á tímabilinu 1. september – 1. apríl. Auglýst var eftir styrkumsóknum í júlí 2020.

Alls voru að þessu sinni til úthlutunar kr. 13.570.000,- sem er samanlögð fjárhæð, árlegrar úthlutunar kr. 5.000.000,- og sérstakrar úthlutunar í tengslum við fjárfestingaráttak Alþingis vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, eða kr. 8.570.000.

Frestur til að skila inn umsóknum var til 24. júlí 2020 og bárust alls 16 umsóknir um styrki. Heildarfjárhæð styrkumsókna nam kr. 42.013.574 en til ráðstöfunar voru, sem fyrr segir, 13.570.000.

Styrkþegar voru eftirfarandi:

Styrkþegi	Verkefnisheiti	Styrkur
Arnkátla	Vetrarhátíðir í Strandabyggð	700.000
Arnkátla	Skúlpúraslóð – 1. áfangi	300.000
Guðfinna Lára og Ágúst Helgi	Matvælavinnsla á Stóra-Fjarðarhorni	2.000.000
Hvatastöðin	Kyrrðarkraftur	2.000.000
Hvatastöðin	Hitalampar til jógaíðkunar	270.000

Leikfélag Hólmavíkur	Ljósabúnaður fyrir Leikfélag Hólmavíkur	800.000
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum	Þjóðtrúarfléttan	3.000.000
Sauðfjársetrið á Ströndum	Útgáfuverkefni Sauðfjársetursins	500.000
Strandagaldur	Bættri ímynd og betra útliti á Galdrasýningunni	2.200.000
Sýslið verkstöð	Matarsmiðjan – Tilraunaeldhús	1.000.000
Trésmiðjan Höfði	Atvinnuhúsnæði á Hólmavík	800.000

Verkefnisstjórn Sterkra Stranda samþykkti þessa styrkveitingu að fengnu álitni undirbúningshóps á fundi sínum þann 10. ágúst 2020. Vanhæfisreglna var gætt í hvívetna í ferlinu öllu.

Einnig fékk Sýslið verkstöð 8,7 milljóna styrk úr Öndvegissjóði Brothættra byggða fyrir verkefnið strandir.is.



2021

Auglýst var eftir umsóknum 10. febrúar 2021. Umsóknarfrestur rann út 10. mars 2021. Alls voru að þessu sinni til úthlutunar kr. 7.270.000 kr.

Alls bárust 31 umsókn um styrki. Heildarfjárhæð styrkumsókna nam kr. 32.299.328 kr. en til ráðstöfunar voru, sem fyrr segir, 7.270.000 kr. Fjöldi góðra umsókna barst en ekki var hægt

að úthluta styrkfé til allra verkefna að þessu sinni þar sem heildarupphæð umsókna var mun hærri en það fé sem til úthlutunar var.

Verkefnisstjórn Sterkra Stranda samþykkti þessa styrkveitingu á fundi sínum þann 8. apríl 2021. Vanhæfnisreglna var gætt í hvívetna

í ferlinu öllu.

Styrkþegar og verkefni þeirra voru eftirfarandi:



Styrkþegi	Verkefnisheiti	Styrkur
Bador slf.	Laupur - Setur íslenska hrafnsins - fýsileikakönnun	250.000
Bjarni Þórisson	Sjóíþróttafélag í Steingrímsfirði	500.000
Leikfélag Hólmavíkur	Leikfélag í 40 ár	270.000
Arnkatla - lista- og menningarfélag	Skúlpúraslóð - annar áfangi	400.000
Kyrrðarkraftur	Skrifstofuaðstaða fyrir verkefnastjóra	350.000
Hafdís Sturlaugsdóttir	Húsavíkurbúið - tækjakaup	500.000
Skíðafélag Strandamanna	Uppbygging á Skíðasvæði í Selárdal	600.000

Náttúrubarnaskólinn (Sauðfjársetur á Ströndum)	Náttúrubarnahátíð 2021	600.000
Galdur Brugghús	Hólmavík öl - viðskiptaáætlun	600.000
Arnkatla - lista- og menningarfélag	Allra veðra von - sirkussýning og -smiðja	250.000
Café Riis	Útisvæði við Café Riis	650.000
Sauðfjársetur á Ströndum	Álagablettir	300.000
Rannsóknasetur HÍ á Ströndum - Þjóðfræðistofa	Úttekt um héraðsskjalasafn	400.000
Golfklúbbur Hólmavíkur	Uppbygging golfvallar	600.000
Hafgustur ehf	Krabbaveiðar frá Hólmavík	1.000.000

2022

Afar ánægjulegt var að á þessum tímapunkti var reglum breytt þannig að fjölmennari byggðalög innan Brothættra byggða, eins og Strandabyggð, fá nú 50% hærri úthlutunarupphæð en áður, en þetta hefur verið baráttumál okkar um nokkurt skeið. Frestur til að skila inn umsóknum var til 31. janúar 2022 og bárust alls 22 umsóknir um styrki. Enn fremur er gengið úr skugga um að styrkhæfi verkefna sé í samræmi við reglur Byggðastofnunar um styrki í Brothættum byggðum.

Heildarfjárhæð styrkumsókna nam kr. 35.176.345,- en til ráðstöfunar voru, sem fyrr segir, 10.850.000. 12 verkefni hlutu styrk að þessu sinni. Vanhæfnisreglna var vandlega gætt í

hvívetna í ferlinu öllu. Styrkhafar og styrkt verkefni eru eftirfarandi:



Styrkþegi	Verkefnisheiti	Styrkur
Arnór Gunnarsson	Hljóðverkshúsið	400.000
Viðgerðir Vignis	Bilanagreiningatölva	420.000
Golfklúbbur Hólmavíkur	Golfhermir	600.000
Práinn Ingimundarson	Skilti á Viðeyjarhúsið	250.000
Galdur brugghús	Galdur brugghús	1.600.000

Guðfinna Lára Hávarðardóttir og Ágúst Helgi Sigurðsson	Garðávaxtarækt á Ströndum	2.900.000
Áratak ehf	Náttúruskoðun á Kajak	500.000
Sauðfjársetur á Ströndum	Afmælisdagsskrá Sauðfjársetursins	800.000
Strandagaldur ses	Galdrastafir og tákn í húðflúrum	550.000
Hafgustur ehf	Fiskvinnsla og krabbaeldi	2.000.000
ÓBH útgerð	Sjóstangaveiði á Ströndum	450.000
Sýslið verkstöð	Sýnileiki Stranda	380.000

2023

Auglýst var eftir styrkumsóknum í byggðapróunarverkefnið Sterkar Strandir í janúar 2023.

Alls voru að þessu sinni til úthlutunar kr. 10.500.000,- sem er fjárhæð árlegrar úthlutunar.

Frestur til að skila inn umsóknum var til 23. janúar 2023 og bárust alls 24 umsóknir um styrki. Heildarfjárhæð styrkumsókna nam kr. 43.658.388,- en til ráðstöfunar voru, sem fyrr segir, 10.500.000. Allt voru þetta umsóknir sem féllu vel að verkefninu Sterkar Strandir en eins og gefur að skilja þá var ekki til fjármagn til að úthluta til allra.

Vanhæfnisreglna var vandlega gætt í hvívetna í ferlinu öllu, eins og gert hefur verið frá upphafi verkefnisins.

Styrkþegar, og verkefni þeirra, voru eftirfarandi:

Styrkþegi	Verkefnisheiti	Styrkur
Galdur Brugghús ehf	Ný framleiðslulína	2.300.000
Skíðafélag Strandamanna	Útivistarparadís á Ströndum undir forystu Skíðafélags Strandamanna	1.500.000
Röfn Friðriksdóttir	Fótaaðgerðastofa	1.200.000
Strandagaldur ses	Endurhönnun á Galdrasýningunni	1.000.000
ÓBH útgerð	Sjóstangveiði frá Hólmavík	750.000
Golfklúbbur Hólmavíkur	Uppbygging golfvallar - annar áfangi	500.000
Leikfélag Hólmavíkur	Leiklistanámskeið fyrir börn	450.000
Leikfélag Hólmavíkur	Leikrit í fullri lengd	400.000
Sauðfjársetur á Ströndum ses	Vottað og viðurkennt framleiðslueldhús	400.000
Sauðfjársetur á Ströndum ses	Viðburðadagskrá Sauðfjársetursins 2023	400.000
Christina van Deventer og Bragi Þór Valsson	tónfræði.is - 2. þrep	400.000
Rannsóknasetur HÍ á Ströndum - Þjóðfræðistofa	Búnaður til kvikmyndagerðar	400.000
Fine Foods Íslandica ehf	Dry processing for small food producers	300.000
Christina van Deventer	Myndskreyting barnabókarinnar Jax	250.000
Magnea Dröfn Hlynisdóttir	Heilsurækt í Strandabyggð	250.000

2024

Auglýst var eftir styrkumsóknum í byggðapróunarverkefnið Sterkar Strandir þann 2. febrúar 2024. Alls voru að þessu sinni til úthlutunar kr. 23.500.000 kr.

Frestur til að skila inn umsóknum var til 26. febrúar 2024 og bárust alls 33 umsóknir um styrki.

Heildarfjárhæð styrkumsókna nam kr. 87.141.343 kr.- en til ráðstöfunar voru, sem fyrr segir, 23.500.000.

Allt voru þetta umsóknir sem féllu vel að verkefninu Sterkar Strandir en eins og gefur að skilja þá var ekki til fjármagn til að úthluta til allra.

Átján verkefni fengu styrki í þessari síðustu úthlutun Sterkra Stranda, en yfirlit styrktra verkefna má sjá hér að neðan.

Styrkþegi	Verkefnisheiti	Styrkur
Galdur brugghús	Kuklið - frumkvöðlasetur matvæla	3.000.000
Ólafur Númason	Norðurfjara	3.000.000
Aleksandar Kuzmanic	Equipment upgrade and growth	2.500.000
Valgeir Örn Kristjánsson	Strandagluggar og hurðir.	2.500.000
Úr sveitinni ehf	Strandarætur	2.200.000
Fine Foods Íslandica ehf, Sveppasmiðja ehf	Co-production space at Kuklið to strengthen Strandabyggð businesses	2.200.000
Skíðafélag Strandumanna	Bætt aðstaða í skíðaskála	2.000.000

Hafdís Gunnarsdóttir	Uppbygging á Smiðjunni.	800.000
Röfn Friðriksdóttir	Stofa	750.000
Arnkátla lista- og menningar	Galdrafár á Ströndum	750.000
Pakkhúsið Vík ehf	Aukið vöruval í Pakkhúsinu	700.000
Ágúst Helgi Sigurðsson	Hagkvæmnisathugun vegna steypustöðvar á Hólmavík	600.000
Sögusmiðjan	Kortlagning gönguleiða í nágrenni Hólmavíkur	600.000
Sauðfjársetur á Ströndum ses	Minningatorg og sögusýning við Sævang	500.000
Sauðfjársetur á Ströndum ses	Fjárréttir fyrr og nú	500.000
Fjölmoður Fróðskaparfélag á Ströndum	Ráðstefnustaðurinn Strandir	350.000
Skiðafélag Strandamanna	Trékyllisheiðin 17. ágúst 2024 - utanvegahlaup	300.000
Leikfélag Hólmavíkur	Leikrit í fullri lengd	250.000

Staða styrktra verkefna við lok Sterkra Stranda

Við lok Sterkra Stranda eru öll verkefni frágengin utan eitt. Aðeins var hætt við tvö verkefni á verkefnistímanum og því fjármagni endurúthlutað árið eftir.

Fyrir utan þetta eina verkefni sem enn er ólokið, þá hefur lokaskýrslum verið skilað og þær samþykktar og lokagreiðslur inntar af hendi. Það er afar ánægjulegt hve vel Strandamenn hafa staðið skil á sínum skyldum gagnvart verkefninu, og ber fagurt vitni þeirri fagmennsku og dugnaði sem í samfélaginu býr.

Á tímabilinu 2020–2024 úthlutaði verkefnið Sterkar Strandir styrkjum til fjölbreyttra verkefna sem stuðluðu að markmiðum þess. Í heild voru 71 verkefni styrkt með samtals 73.020.00 krónum. Þessi verkefni spönnuðu fjölbreytt svið, allt frá menningu og nýsköpun til innviðauppbýggingar og atvinnuskapandi aðgerða.

Einnig er vert að minnast á aðstoð verkefnisstjóra við sókn Strandamanna og fyrirtækja þeirra og félagasamtaka í aðra sjóði; til að mynda Byggðaaætlun vegna sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða (C1), Matvælasjóð, Orkusjóð, Fiskeldissjóð, Uppbýggingarsjóð Vestfjarða, Tækniþróunarsjóð, samfélagssjóði fyrirtækja, og alþjóðlega samstarfssjóði – svo eitthvað sé nefnt. Árangur þessarar sjóðasóknar hefur verið býsna góður og þessi stuðningur annarra hefur skilað margfalt hærri upphæðum frá upphafi Sterkra Stranda en í Frumkvæðissjóði Sterkra Stranda hafa verið á sama tíma.

FUNDIR

Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri funduðu alls 7 sinnum með fjarfundarbúnaði árið 2024. Það er sambærilegur fjöldi og undanfarin ár. Auk þess fundar verkefnisstjóri reglulega með sveitarstjóra, með öðrum verkefnisstjórum í Brothættum byggðum, svo eitthvað sé tiltekið. Verkefnisstjóri hefur setið mikinn fjölda funda sem tengjast verkefninu með beinum og óbeinum hætti, þ.m.t. fjölda funda með íbúum er varða ýmis verkefni sem þeim eru hugleikin og aðstoðað fyrirtæki og íbúa við ýmis tilfallandi verkefni.



HUGLEIÐINGAR VERKEFNISSTJÓRA VIÐ LOK VERKEFNISINS

Við lok verkefnisins er tímabært að horfa yfir farinn veg og meta árangurinn, lærdóminn sem af verkefninu má draga og þær áskoranir sem verkefnið stóð frammi fyrir. Verkefnið, sem hófst árið 2020 í skugga heimsfaraldurs, hefur gengið í gegnum ótal breytingar og fyrirhitt bæði tækifæri og áskoranir sem endurspegla bæði styrkleika og veikleika í möguleikum byggðapróunar á Ströndum.

Árangur og áskoranir

Verkefnið lagði grunn að mikilvægum breytingum og stuðlaði að varnarsigrum á svæði sem hefur lengi glímt við fólksfækkun og veikingu innviða. Þátttaka íbúa og frumkvæði heimamanna voru lykilatriði í þeim árangri sem náðist. Það er þó ljóst að meginmarkmiðið – að sporna við fólksfækkun – náðist ekki, en verkefnið náði að hægja á fækkuninni og skapa forsendur fyrir áframhaldandi uppbyggingu.

Lokun Hólmadrangs árið 2023 var reiðarslag sem reyndi á þol og úthald samfélagsins, en aðgerðir til að mæta því, eins og stofnun Vilja – nýrrar fiskvinnslu, sýna hvernig samstaða og útsjónarsemi íbúa getur umbreytt áskorunum í tækifæri.

Áhugaverð þróun

Það sem hefur verið sérstaklega ánægjulegt er hvernig verkefnið hefur valdeflt íbúa. Verkefni eins og nýsköpun í matvælavinnslu, uppbygging menningarverkefna og efling ferðaþjónustu

hafa leitt til aukinnar fjölbreytni í atvinnulífi og bættra lífsgæða í sýslunni.

Þó svo að fjárskortur og utanaðkomandi þættir hafi sett sín mörk á umfang verkefnisins, var hægt að greina þess merki að með réttum verkfærum og stefnumótun er hægt að byggja upp sjálfbær samfélög á landsbyggðinni.

Lærdómar og framtíðarsýn

Byggðapróun er flókið verkefni sem krefst bæði langtímasýnar og skýrra markmiða. Sterkar Strandir sýndu að byggðarlög sem glíma við brotthvarf íbúa og atvinnulífs þurfa öflugri stuðning og betri verkfæri. Það er von mín að Brothættar byggðir fái í framtíðinni betri fjármögnun og raunsærri markmið sem byggja á reynslu þeirra verkefna sem þegar hafa verið unnin.

Samhliða því er mikilvægt að fagna á þessum vettvangi þeirri miklu vinnu og þeim metnaði sem íbúar Strandabyggðar hafa sýnt í verkefnum sínum. Samfélagið hefur tekist á við áskoranir af seiglu og sköpunarkrafti.

Lokaorð

Sterkar Strandir sýna vonandi til framtíðar að varnarsigrar í byggðapróun geti verið undanfara mikilvægra breytinga og undirbúið jarðveginn fyrir varanlegar lausnir. Ég óska Strandabyggð velfarnaðar í áframhaldandi uppbyggingu og vona að sá kraftur sem hefur einkennt verkefnið muni lifa áfram og styrkja samfélagið til framtíðar.

LOK VERKEFNISINS

Lok verkefnisins

Strandabyggð hefur nú tekið við verkefninu Sterkar Strandir og mun starfa áfram í anda þess í það minnsta eitt ár til viðbótar. Verkefnið hefur verið mikilvægt fyrir samfélagið. Það hefur lagt grunn að sjálfbærni í atvinnulífi, menningu og þjónustu, sem sveitarfélagið hyggst nýta áfram til að byggja á þeim árangri sem náðst hefur.

Sveitarstjóri mun leiða framhaldið með áherslu á að tryggja að þau verkefni sem sett voru af stað haldi áfram að þróast og verða samfélaginu til framdráttar. Meðal verkefna sem unnið verður að eru áframhaldandi styrking innviða, markaðssetning svæðisins sem aðlaðandi búsetukosts og stuðningur við nýsköpun og atvinnuuppbyggingu.

Það er mikilvægt að Strandabyggð nýti sér þann kraft og metnað sem verkefnið hefur virkjað meðal heimamanna.

Framhald verkefnisins felst einnig í því að tryggja að reynsla og lærdómur sem fengist hefur á tímabilinu nýtist til framtíðar. Vonir standa til þess að sveitarfélagið mun leggja áherslu á samráð við íbúa, auk þess að virkja stuðning annarra aðila, svo sem Byggðastofnunar og landshlutasamtaka. Samvinna af þeim toga kann að vera lykilatriði í því að tryggja áframhaldandi árangur.

Sterkar Strandir hafa verið mikilvægt skref í byggðapróun á Ströndum. Það er okkar von að áframhaldandi vinna muni styrkja samfélagið enn frekar og skapa trausta framtíð fyrir íbúa Strandabyggðar.